

Nd.

433. Frumvarp til laga

[152. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. marz.)

1. gr.

Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að reka hvali á land, nema fullvist sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Við rekstur hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er, og við deyðingu þeirra skal beita lagvopnum og aðferðum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.